



Pistill sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar.

Í haust hafa verið töluverðar framkvæmdir við Flóaskóla og á skólalóðinni. Í Flóaskóla var farið í lagfæringar á þakglugga og gengið hefur verið frá þeim hluta skólabýggingarinnar sem tengdist gamla hlutanum sem var rifinn í ágúst. Í Þjórásarveri hefur verið skipt um nokkra glugga og á skólalóðinni má nú sjá ærslabelg sem er vel nýttur af skólabörnum og öðrum sem eiga leið um. Framundan er svo að koma upp nýjum körfum á körfuboltavöllinn ásamt því að sett verður upp frísbíggjufbraut.

Í október var Andri Þór Erlingsson ráðinn í hlutastarf sem í félagsheimilum hjá sveitarfélaginu og mun hann starfa náið með húsverði í Þingborg ásamt umsjónarmanni fasteigna en sinna að mestu húsvörslu við Félagslund til að byrja með.

Töluverð útleiga hefur verið á Þingborg og Félagslund þáð sem af er ári. Þjórásarver er vel nýtt alla skóladaga sem mótuneyti ásamt því að hýsa félagsmiðstöð. Mikilvægt er að sveitarfélagið fái inn tekjur af útleigu til að standa straum af kostnaði við rekstur og viðhald félagsheimilanna. Íbúar eru hvattir til að láta vita af góðum hugmyndum um enn frekari nýtingu allt árið um kring. Ingibjörg Einarsdóttir tekur við pöntunum og fyrirspurnum vegna félagsheimilanna en einnig má hafa samband við skrifstofu Flóahrepps.

Tónahátíð verður haldin í Félagslund þann 11. nóvember. Þar munu Gítar og Fiðla spila íslensk stuðlög í bland við írsku stemmningu. Tónahátíð hefur verið árviss og velsóttur menningarviðburður sem haldinn er af sveitarfélaginu Flóahreppi en skipulag og framkvæmd er í höndum ípróttá- æskulýðs- og menningarnefndar sveitarfélagsins.

Ungmennafélagið Þjótandi og Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi standa saman að dansnámskeiði á mánudagskvöldum í Þingborg. Frábær þátttaka er á námskeiðinu en yfir 30 manns skráðu sig á námskeiðið sem lýkur nú í nóvember.

Eins og áður hefur komið fram þá verða breytingar á lögum um úrgangsmál um næstu áramót. Flóahreppur leitaði til ungmennafélagsins Þjótanda um samvinnu við að keyra út nýjar sorptunnur sem tengist þessum breytingum. Íbúar gætu því átt von á því að sjá ungt og öflugt fólk á ferðinni í nóvember með nýja tunnu ásamt nýjum merkingum á þær tunnur sem fyrir eru.

Frágangur við göngustíga, útsýnispalla og bílaplan við Urriðafoss er nú á lokametrunum. Ég vil hvetja íbúa til að gera sér ferð í góðu veðri til að sjá hversu góð aðstaðan er að verða við fossinn sem er mikið sóttur alla daga af ferðamönnum.

Vegagerðin hefur sinnt haustheflun síðustu vikunnar ásamt því að bera mól í ákveðna vegkafla. Mikilvægt er að þrýst sé áfram á umbætur í samgöngukerfinu í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn og stjórnendur innan sveitarfélagsins vinna áfram að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 og næstu ár þar á eftir. Það er að ýmsu að huga við gerð fjárhagsáætlunar og er það



eitt af hlutverkum sveitarstjórnar að ráðstafa fjármagni á ábyrgan hátt og framfylgja eftir bestu getu þeim lögbundnu verkefnum sem sveitarfélögum eru falin.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri